

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12,
700 Egilsstaðir

Garðabær, 5. júlí 2023
Málsnúmer: 202306-0042
LA

Efni: Umsögn vegna framkvæmda við Blábjörg í Berufirði

Vísað er í tölvubréf frá Múlaþingi þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi lagnaleið rafstrengja og ljósleiðara í Berufirði.

Jarðstrengirnir koma til með liggja norðan við friðlýsta náttúruvættið Blábjörg, en um C-hluta svæði á náttúruuminjaskrá, Blábjörg við Berufjörð nr. 622. Þar fara lagnir að mestu leiti yfir ræktað land og koma ekki til með að raska merkjum jarðminjum innan svæðisins.

Fyrirhugað er að taka niður loftlínu og rafmagnsstaura sem liggja um náttúruuminjasvæðið og er sú framkvæmd jákvæð fyrir landslag svæðisins. Við þá framkvæmd skal lágmarka allt jarðrask, sérstaklega innan friðlýsta svæðisins, og ganga vel frá yfirborði þannig að ummerki eftir stauranna verði lítt sýnileg.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd við Blábjörg í Berufirði.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir, jarðfræðingur
Svið Náttúruverndar

